

Föstudaginn 3. janúar 1997.

Nr. 468/1996.

Ákærvaldið

(Pórir Oddsson,
vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins)
gegn

Þorvaldi Ragnarssyni

(Sveinn A. Sveinsson hdl.)

Kærumál. Vanhæfi. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1996, þar sem Sverrir Einarsson héraðsdómari hafnaði þeim kröfum beggja málaðila, að hann viki sæti í máli ákærvaldsins gegn varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómara verði gert að víkja sæti í málinu.

Varnaraðili kærði úrskurð héraðsdómara fyrir sitt leyti 20. desember 1996. Hann gerir sömu kröfu í málinu og sóknaraðili.

Í hinum kærða úrskurði er gerð nokkur grein fyrir rekstri málsins fyrir héraðsdómi svo og aðgerðum héraðsdómara fyrir þingfestingu þess. Af því má meðal annars ráða, að héraðsdómari hafi ekki tekið tillit til lokamálsliðar 2. mgr. 128. gr. laga nr. 19/1991, þegar hann kynnti málflytjendum ráðagerðir um tíma til aðalmeðferðar málsins, áður en það var þingfest. Verður einnig að fallast á með málflytjendum, að héraðsdómari hafi engan veginn ætlað þeim viðunandi frest til undirbúnings málsmeðferðar, svo sem varnaraðila er meðal annars áskilinn í b-lið 3. mgr. 6. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Þrátt fyrir þessa vítaverðu annmarka á rekstri málsins verður á hinn bóginn ekki séð, að alveg nægileg rök séu til þess að fallast á kröfur um, að héraðsdómari viki sæti vegna ákvæða g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6.

gr. laga nr. 19/1991. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 18. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í sakamálinu nr. 975/1996: Ákærvaldið gegn Þorvaldi Ragnarssyni, sem tekið er til úrskurðar í dag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. desember sl., á hendur ákærða, Þorvaldi Ragnarssyni, fæddum 6. febrúar 1953, fæðingarnúmer 382, fyrir fjárdrátt, að fjárhæð samtals 3.470.396 krónur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem ákærði starfaði sem lögfræðingur, umboðssvik í starfi hjá sömu stofnun og skjalafals með því að selja víxil, að fjárhæð 160.000 krónur, með falsaðri nafnritun.

Mál þetta var þingfest 16. þ. m., og í dag fór fram þinghald, þar sem lögð var fram krafa sækjanda, Þóris Oddssonar vararíkissaksóknara, þess efnis, að dómariinn viki sæti í málinu, en undir kröfuna tekur verjandi ákærða, Sveinn Andri Sveinsson héraðsdómslögmaður. Krafan er á þessa leið:

„Með ákæruskjali, út gefnu þriðjudaginn 10. desember 1996, höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur ákærða, Þorvaldi Ragnarssyni, kt. 060253-3829, fyrir ætlaðan fjárdrátt og umboðssvik, hvort tveggja í opinberu starfi, og ætlað skjalafals.

Afrit ákæruskjals ásamt rannsóknargögnum og sakavottorði í ljósriti var samdægurs sent rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, sem falin var sókn málsins, en hann fól undirrituðum að annast sókn þess, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991.

Sama dag hafði Sverrir Einarsson héraðsdómari símasamband og spurðist fyrir um það, hverjum hefði verið falin sókn málsins, en þá hafði ákvörðun ekki verið um það tekin. Gat hann þess, að hann hygðist þingfesta málið mánudaginn 16. þ. m. kl. 15.30.

Að morgni miðvikudagsins 11. þ. m. tjáði undirritaður héraðsdómaranum, að hann færi með sókn málsins og að tími til þingfestingar 16. þ. m. hentaði ágætlega. Í samtali þessu kom fram, að héraðsdómariinn hefði ákveðið að hafa aðalmeðferð 20. desember nk. kl. 9.00. Var því strax andmælt af hálfu sækjanda. Upplýst var við þetta tækifæri, að Sveinn Andri Sveinsson hdl. hefði verið skipaður verjandi ákærða.

Við þingfestingu 16. desember sl. voru málflytjendur og ákærði, og kann-

aðist ákærði ekki við að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi. Kvaðst hann tjá sig frekar um sakargiftir við aðalmeðferð málsins.

Í þinghaldi þessu andmælti verjandi því harðlega, að aðalmeðferð færi fram föstudaginn 20. þ. m., og bar því við, að málið væri umfangsmikið og hann ekki komið að því fyrr, og enn fremur, að hann þyrfti lengri tíma til gagnaöflunar og undirbúnings. Dómari tók því fjarri og kvað hann hafa nægan tíma til að afla þess eina gagns, sem hann teldi vanta í málið, en það væri starfskjarasamningur ákærða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, væri hann til, og lét þau ummæli falla, að lögmaður, sem gæti ekki aflað þeirra gagna fram til föstudagsins 20. desember nk., væri ekki starfi sínu vaxinn. Kvaðst hann ekkert mark taka á andmælum hans. Hann kvað dómara einan ráða því, hvenær aðalmeðferð færi fram, og vitnaði til 1. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991. Verjandi áréttaði mótmæli sín.

Sækjandi tók undir sjónarmið verjanda og lýsti þeirri skoðun sinni, að dómara bæri að hafa samráð við málflytjendur um það, hvenær aðalmeðferð færi fram. Það fælist í eðli máls og anda laganna. Vék hann sérstaklega að 120. gr., 2. mgr. 128. gr. og 131. gr., þar sem vikið er að því, er varðar samráð. Þá var vikið að 6. gr., 3. mgr. b-liðar, Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið hér á landi, þar sem kveðið er á um, að hver sá, sem borinn er sökum um glæpsamlegt athæfi, hafi rétt til nægilegs tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína. Dómari áréttaði vilja sinn um, að aðalmeðferð færi fram 20. þ. m., og gerði lítið með það, að erfitt kynni að verða að koma því við að ná til vitna, sem sum hver eru búsett á landsbyggðinni, eins og sést af vitnalista, sem sækjandi afhenti dómara við þingfestinguna.

Milliþinghald var ákveðið miðvikudaginn 18. þ. m. kl. 10.00, og lagði dómari fyrir verjanda að leggja þar og þá fram lista yfir þau vitni, sem óskað sé eftir, að leidd verði við aðalmeðferð málsins, og þau gögn, sem óskað sé eftir, að lögð verði fram.

Sækjandi óskaði eftir því að fá í hendur endurrit af þinghaldi þessu, og var orðið við því. Sást þá af gölluðu endurriti, að dómari hafði ekki bókað neitt um andmæli málflytjenda, og var gerð um það athugasemd. Kvað dómari unnt að bóka um þau í boðuðu milliþinghaldi 18. þ. m. Dómpingi var við svo búið slitið.

Svo sem hér hefur verið rakið og með vísan til ýmissa ummæla dómara, sem ekki eru tilfærð hér, er af hálfu ákæruvalds dregið í efa hæfi dómarans til að fara með mál þetta, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1991 með áorðnum breytingum, og er þess því hér með krafist, að héraðsdómari, Sverrir Einarsson, víki sæti í máli þessu.“

Í kröfu þeirri, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, kemur fram, að í sím-

tali við dómarrann hafi komið fram, að héraðsdómari hefði ákveðið að hafa aðalmeðferð málsins föstudaginn 20. desember nk. kl. 9.00. Þetta er rangt. Í umræddu símtali kom fram, að dómari stefndi að því að hafa aðalmeðferð málsins á umræddum tíma, og fastmótuð skoðun hans á því, að það væri hægt, ef vilji væri til. Engin ákvörðun var tekin í þessu símtali, enda hafði ekki verið rétt við væntanlegan verjanda og reyndar á þessari stundu ekki vitað, hver hann yrði, og því ekki vitað um afstöðu hans til þessa. Þegar af þessari ástæðu er það út í bláinn hjá sækjanda, að aðalmeðferð málsins hafi verið ákveðin með þeim hætti, sem hann fullyrðir, þ. e. í símtali. Ástæða þess, að dómari nefndi þessa dagsetningu í umræddu símtali, var sú, að hann vildi gefa sækjanda lengri frest til undirbúnings aðalmeðferðar, ef hún gæti farið fram umræddan dag, þ. e. átta daga. Síðar umræddan dag var komið í ljós, hver ætti að vera verjandi ákærða. Var þá haft samband við hann og honum gerð grein fyrir hinu sama um fyrirhugaða aðalmeðferð, en hann taldi þegar öll vandkvæði á slíku.

Við þingfestingu málsins kom fram, að það væri mat dómarrans, að ekki þyrfti svo langan tíma til öflunar gagna sem sækjandi og verjandi töldu. Vissulega féllu þau orð í þinghaldinu, að dómarrinn efaðist um hæfi verjandans, ef hann gæti ekki aflað umræddra gagna á tímanum frá mánudegi og fram á föstudag, og kom þá fram, að dómarrinn teldi vanta inn í málið starfskjarasamning ákærða hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, væri hann til. Aðra afstöðu tók dómarrinn ekki til þess, hvers sakflytjendur þyrftu að afla og leggja fram, og taldi þá og telur enn, að sækjandi málsins, sem er næstæðsti yfirmaður rannsóknarlögreglunnar, sem rannsakaði málið, þyrfti ekki langan tíma til þess að afla frekari gagna í málinu og ætti að þekkja það eftir rúmlega eins árs rannsókn þess hjá rannsóknarlögreglu.

Í máli þessu hefur engin ákvörðun verið tekin um það, hvenær aðalmeðferð þess eigi að fara fram, og hvorki sækjanda né verjanda hefur verið neitað um frest til gagnaöflunar fyrir aðalmeðferð. Dómari hefur hins vegar, eftir að hann hafði kynnt sér málið, komist á þá skoðun, að ekki sé þörf á að afla margra né flókinna gagna. Hugðist hann heyra í þinghaldinu í dag, hver gögn ætti að leggja fram, og síðan hugðist hann taka ákvörðun um það, hvenær aðalmeðferð málsins færi fram.

Verjandi ákærða heldur því fram í bókun í þinghaldinu í dag, að dómari hafi lýst yfir í símtali sl. fimmtudag, að hann treysti sér til þess að dæma í málinu án þess að hafa séð nokkur gögn frá verjanda eða kynnt sér vörn ákærða. Dómari frábiður sér ósannindi af þessu tagi. Slík ummæli hafi aldrei fallið. Hins vegar kom fram í umræddu samtali, að málið væri ekki að mati dómara það flókið, að ekki mætti dæma það fljótt. Þetta mat dóm-

arans byggðist á lestri gagna málsins, en ekki því, sem kynni að koma fram við aðalmeðferð þess. Dómarinn hefur enga afstöðu tekið til sakarefnis málsins með hliðsjón af sekt eða sýknu, og öll meðferð hans á málinu til þessa hefur miðað að því að fylgja ákvæði 133. gr. laga nr. 19/1991 um hraða málsmeðferð, sem telja verður lögfesta til að tryggja hag sakbornings. Er það mat dómarans, að hann eigi einn samkvæmt 129. gr. laga nr. 19/1991 ákvörðunarvald um það, hvenær aðalmeðferð fari fram, og synjun sín um frest, ef hún lægi fyrir, sé ekki kæránleg til Hæstaréttar, sbr. e-lið 1. tl. 142. gr. laga nr. 19/1991. Dómarinn lítur svo á, að samræður hans við sækjanda og verjanda í síma og þinghaldinu 16. þ. m. hafi verið umræður og skoðana-skipti um málsmeðferð, sem ekki hafa enn leitt til niðurstöðu um gagnaöflun og aðalmeðferð. Virðist dómaranum, að sakflytjendur séu með kröfu sinni um, að dómari víki sæti, að kaupa sér frest í málinu til gagnaöflunar, sem þeim hefur ekki enn verið neitað um, og hefur ekki verið sýnt fram á að mati dómarans, að ástæða sé til þess að draga óhlutdrægni sína í efa, þótt hann hafi látið uppi skoðanir sínar á þeim og þeim hugmyndum, sem uppi eru í málinu, um lengri fresti, sem dómari hefur þó ekki enn neitað um. Er því hafnað kröfu sækjanda, sem verjandi tekur undir, að dómari víki sæti í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómari í máli þessu, Sverrir Einarsson héraðsdómari, víkur ekki sæti í máli þessu.
